

Mánudaginn 10. janúar 2000.
 Nr. 8/2000. **Lögreglustjórinn í Reykjavík**
 (Egill Stephensen saksóknari)
 gegn

X

(Andri Árnason hrl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald, a-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Úrskurður héraðsdóms um að X skyldi sæta gæsluvarðhaldi á grundvelli a-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála var staðfestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 5. janúar 2000, sem barst réttinum 7. sama mánaðar ásamt kærumálgögnum. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 4. janúar 2000, þar sem varnaraðila var gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 19. janúar nk. kl. 16. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess aðallega að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, en til vara að gæsluvarðhaldi verði markaður skemmri tími.

Sóknaraðili krefst þess að úrskurður héraðsdómara verði staðfestur. Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 4. janúar 2000.

Ár 2000, þriðjudaginn 4. janúar, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem hald er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Sigurjónu Símonardóttur, settum héraðsdómara, kveðinn upp úrskurður þessi.

Lögreglustjórinn í Reykjavík hefur krafist þess að X, [...], verði gert að sæta gæsluvarðhaldi á grundvelli a-liðar 1. mgr. 103. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991 allt til miðvikudagsins 19. janúar 2000 klukkan 16.00.

[...]

Niðurstaða.

[...]

Með vísan til framanritaðs og a-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 verður krafa lögreglustjórans í Reykjavík tekin til greina eins og hún er fram sett og nánar greinir í úrskurðarorði.

Ú r s k u r ð a r o r ð :

Kærði, X, sæti gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 19. janúar nk. kl. 16.00.
